

Ed. 325. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkju-sjúkra.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir fé gæzluvistar sjóðs skal reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkju-sjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli um langan tíma.

2. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Um greiðslu kostnaðar vegna hælsvistar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkis-framfærslu sjúkra manna og örkumla.

3. gr.

Í stað orðanna „reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli“ í 15. gr. laganna kemur: reisa og reka gæzluvistarhæli.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.